

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/71/EB

frá 16. desember 1996

um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt c-lið 3. gr. sáttmálans er eitt af markmiðum bandalagsins að afnema hindranir á frjálsum fólksflutningum og frjálsri þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna.
- 2) Að því er varðar veitingu þjónustu eru öll höft á grundvelli ríkisfangs eða búsetu bönnuð frá lokum aðlögunartímans samkvæmt sáttmálanum.
- 3) Með tilkomu innri markaðarins skapast virkt umhverfi fyrir veitingu þjónustu milli landa sem hvetur sífellt fleiri fyrirtæki til að senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem þeir starfa að jafnaði í.

4) Veiting þjónustu getur farið þannig fram að fyrirtæki inni verk af hendi á eigin vegum og undir eigin stjórn, samkvæmt samningi þess fyrirtækis við aðilann sem þjónustan er ætluð, eða þannig að starfsmaður sé framráðinn til fyrirtækis innan ramma opinbers samnings eða einkasamnings.

5) Til að stuðla megi að slíkri veitingu þjónustu milli landa þarf frjálsa samkeppni og ráðstafanir sem tryggja að réttindi starfsmanna séu virt.

6) Þegar ráðning nær yfir landamæri koma upp vandkvæði með tilliti til þess hvaða löggjöf skal gilda um ráðningarsambandið. Það er málsaðilum í hag að mælt sé fyrir um skilmála og skilyrði sem skulu gilda um fyrirhuguð ráðningarkjör.

7) Rómarsamningurinn frá 19. júní 1980 um lög sem gilda um samningsskyldur ⁽⁴⁾ var undirritaður af tólf aðildarríkjum og öðlaðist gildi 1. apríl 1991 í flestum aðildarríkjunum.

8) Í 3. gr. þess samnings er kveðið á um þá meginreglu að aðilarnir hafi frjálst val um lög. Ef engin lög eru valin skal samningurinn samkvæmt 2. mgr. 6. gr. falla undir lög þess lands, þar sem starfsmaðurinn starfar að jafnaði samkvæmt samningnum, jafnvel þótt hann sé tímabundið ráðinn til starfa í öðru landi, eða, ef starfsmaðurinn starfar ekki að staðaldri í neinu tilteknu landi, undir lög landsins þar sem starfsstöðin sem réð hann er staðsett, nema heildaraðstæður séu með þeim hætti að

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. C 225, 30. 8. 1991, bls. 6 og

Stjtuð. EB nr. C 187, 9. 7. 1993, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. C 49, 24. 2. 1992, bls. 41.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. febrúar 1993 (Stjtuð. EB nr. C 72, 15. 3. 1993, bls. 78), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. júní 1996 (Stjtuð. EB nr. C 220, 29. 7. 1996, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. september 1996 (Stjtuð. EB nr. C 320, 28. 10. 1996, bls. 73). Ákvörðun ráðsins frá 24. september 1996.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB nr. L 266, 9. 10. 1980, bls. 1.

- samningurinn hafi nánari tengsl við annað land, en þá fellur samningurinn undir lög þess lands.
- 9) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. fyrrnefnds sammings má val málsaðilanna á lögum ekki leiða til þess að starfsmaður sé sviptur þeirri vernd sem hann hefði samkvæmt lögboðnum reglum þeirra laga sem ættu að gilda samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar ef ekki væri um val að ræða.
 - 10) Í 7. gr. fyrrnefnds sammings er ákveðið að heimilt sé, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að gefa lögboðnum reglum laga annars lands gildi jafnhliða þeim lögum sem lýst er yfir að gildi, einkum lögum aðildarríkisins þar sem starfsmaðurinn starfar tímabundið.
 - 11) Samkvæmt meginreglunni um forgang bandalagslaga sem sett er í 20. gr. fyrrnefnds sammings hefur hann ekki áhrif á beitingu ákvæða, þar sem á tilteknum sviðum eru settar lagavalsreglur um samningsskyldur, og hafa verið eða verða tekin upp í gerðir stofnana Evrópu-bandalaganna eða í landslög sem eru samhæfð vegna framkvæmdar slíkra gerða.
 - 12) Lög bandalagsins útiloka ekki að aðildarríki beiti lög-gjöf sinni eða kjarasamningum, sem aðilar vinnu-markaðarins hafa gert, gagnvart hverjum þeim sem er ráðinn til starfa, jafnvel þótt ráðningin sé tímabundin, á yfir-ráðasvæði þeirra þótt vinnuveitandinn hafi staðfestu í öðru aðildarríki. Lög bandalagsins banna aðildarrík-um ekki að tryggja með viðeigandi hætti að farið sé að þessum reglum.
 - 13) Samræma þarf lög aðildarríkjanna til að setja kjarna lögboðinna reglna um lágmarksvernd sem vinnuveit-endar, sem senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt, skulu veita í gistilandinu. Slíkri samræmingu er aðeins unnt að ná fram með lagasetningu á vettvangi banda-lagsins.
 - 14) Þjónustuveitandanum ber að fara að ákveðnum kjarna skýrt skilgreindra verndarreglna óháð lengd útsending-artímabils starfsmannsins.
 - 15) Setja ber ákvæði um að í tilteknum skýrt skilgreind-um tilvikum, þar sem unnið er við samsetningu eða uppsetningu vöru, skuli ákvæði um lágmarkslaun og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári ekki gilda.
 - 16) Einnig ætti að vera nokkur sveigjanleiki í beitingu ákvæða um lágmarkslaun og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári. Ef starfstíminn er ekki lengri en einn mán- uður er aðildarríkjum heimilt, með tilteknum skilyrð-um, að víkja frá ákvæðum um lágmarkslaun eða kveða á um möguleika á fráviki í kjarasamningum. Ef um óverulega vinnu er að ræða er aðildarríkjum heimilt að víkja frá ákvæðum um lágmarkslaun og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári.
 - 17) Lögboðnar reglur um lágmarksvernd, sem gilda í gistilandinu, skulu ekki koma í veg fyrir að beitt sé ráðningarskilmálum og -skilyrðum sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn.
 - 18) Halda ber þá meginreglu að fyrirtæki, sem hafa stað-festu utan bandalagsins, skuli ekki njóta betri kjara en fyrirtæki sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði aðildarrík- is.
 - 19) Með fyrirvara um önnur ákvæði í lögum bandalags- ins felst ekki í þessari tilskipun sú skylda að viður- kenna afleysingafyrirtæki að lögum, né heldur hefur hún áhrif á beitingu aðildarríkjanna á lagaákvæðum sínum um framráðningu starfsmanna og afleysingafyr- irtækja til fyrirtækja sem ekki hafa staðfestu á yfir- ráðasvæði þeirra en starfa þar í tengslum við veitingu þjónustu.
 - 20) Þessi tilskipun hefur hvorki áhrif á samninga, sem bandalagið gerir við þriðju lönd, né lög aðildarríkja um aðgang þjónustuveitenda frá þriðju löndum að yf- irráðasvæði þeirra. Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á landslög um komu, búsetu og atvinnuáðgengi starfsmanna frá þriðju löndum.
 - 21) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart laun- þegum og aðstandendum þeirra, sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾, eru sett ákvæði um bætur frá almanna- tryggingum og iðgjöld til þeirra.
 - 22) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á lög aðildarríkjanna um sameiginlegar aðgerðir starfs- eða faggreina til að verja hagsmuni sína.
 - 23) Lögbærum aðilum í hinum ýmsu aðildarríkjum ber að hafa með sér samvinnu um beitingu þessarar tilskip- unar. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi úrræði sem gripið skal til ef ekki er farið að þessari tilskipun.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 149, 5. 7. 1971, bls. 2, sérútgáfa 1971 (II), bls. 416. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3096/95 (Stjútíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 10).

- 24) Nauðsynlegt er að tryggja viðhlítandi beitingu þessarar tilskipunar og að kveða í því augnamiði á um náð samstarf framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna.
- 25) Eigi síðar en fimm árum eftir að þessi tilskipun er samþykkt skal framkvæmdastjórnin endurskoða hinar einstöku reglur um framkvæmd þessarar tilskipunar með það fyrir augum að leggja til nauðsynlegar breytingar þar sem við á.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um fyrirtæki, sem hafa staðfestu í aðildarríki og senda starfsmenn til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis í tengslum við veitingu þjónustu í fleiri löndum, í samræmi við 3. mgr.
2. Þessi tilskipun gildir ekki um kaupskipaútgerðir að því er varðar áhafnir.
3. Þessi tilskipun gildir að því marki sem fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr., gera einhverja eftirtalinna ráðstafana sem ná yfir landamæri:
- senda starfsmenn til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis á sínum vegum og undir sinni stjórn, samkvæmt samningi milli fyrirtækisins sem sendir starfsmanninn og aðilans sem þjónustan er ætluð og rekur fyrirtæki í því aðildarríki, að því tilskildu að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins, sem sendir starfsmanninn, og starfsmannsins sjálfs á útsendingartímabilinu; eða
 - senda starfsmenn til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu fyrirtækjahópsins á yfirráðasvæði aðildarríkis, að því tilskildu að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins, sem sendir starfsmanninn, og starfsmannsins sjálfs á útsendingartímabilinu; eða
 - framráða, sem afleysingafyrirtæki eða atvinnumiðlun, starfsmenn til notandafyrirtækis sem hefur staðfestu eða starfar á yfirráðasvæði aðildarríkis, að því tilskildu að ráðningarsamband sé milli afleysingafyrirtækisins eða atvinnumiðlunarinnar og starfsmannsins á útsendingartímabilinu.
4. Óheimilt er að veita fyrirtækjum, sem hafa staðfestu í landi sem ekki er aðildarríki, betri kjör en fyrirtækjum sem hafa staðfestu í aðildarríki.

2. gr.

Skilgreining

1. Í þessari tilskipun merkir „útsendur starfsmaður“ starfsmann sem innir starf sitt af hendi í tiltekinn tíma á

yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem hann starfar venjulega í.

2. Í þessari tilskipun er skilgreiningin á starfsmanni sú sem gildir í lögum aðildarríkisins sem starfsmaðurinn er sendur til starfa í.

3. gr.

Ráðningarskilmálar og atvinnuskilyrði

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., tryggi starfsmönnum, sem sendir eru til starfa á yfirráðasvæði þeirra, óháð því hvaða lög gilda um ráðningarsambandið, þá ráðningarskilmála og atvinnuskilyrði varðandi eftirtalin atriði sem mælt er fyrir um í aðildarríkinu þar sem starfið er unnið:

— í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum, og/eða

— í kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms sem hafa almennt gildi í skilningi 8. mgr., að svo miklu leyti sem þeir varða þá starfsemi sem um getur í viðaukanum:

- hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma;
- lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári;
- lágmarkslaun ásamt yfirvinnukaupi. Þessi liður á ekki við um viðbótarkerfi fyrir eftirlaunalífeyri einstakra starfsgreina;
- skilyrði fyrir framráðningu starfsmanna, einkum á vegum afleysingafyrirtækja;
- heilbrigði, öryggi og hollustuhætti á vinnustað;
- verndarráðstafanir með tilliti til skilmála og skilyrða fyrir ráðningu barnshafandi kvenna eða kvenna sem hafa nýlega fætt barn, svo og ráðningu barna og ungmenna;
- jafna meðferð karla og kvenna og önnur ákvæði um jafnræði.

Í þessari tilskipun er hugtakið „lágmarkslaun“, sem um getur í c-lið 1. mgr., skilgreint í samræmi við landslög og/eða venjur aðildarríkisins sem starfsmaðurinn er sendur til starfa í.

2. Ef um ræðir fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um afhendingu vöru og nauðsynleg til að taka megí vöruna, sem afhent er, í notkun og framkvæmd er af faglærðum og/eða sérhæfðum starfsmönnum fyrirtækisins sem afhendir vöruna, skal b- og c-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. ekki gilda ef útsendingartímabilið er ekki lengra en átta dagar.

Þetta ákvæði gildir ekki um þá byggingarstarfsemi sem fjall- að er um í viðaukanum.

3. Aðildarríkjunum er heimilt, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við hefðir og venjur hvers aðildarríkis um sig, að ákveða að beita ekki c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 1. gr. ef lengd útsendingartímabilsins er ekki meiri en einn mánuður.

4. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við landslög og/eða venjur, að kveða á um að veita megi undanþágur frá c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. í þeim tilvikum, sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 1. gr., og frá ákvörðun aðildarríkis í skilningi 3. mgr. þessarar greinar, í kjarasamningum í skilningi 8. mgr. þessarar greinar, að því er varðar eitt eða fleiri athafnasvið, ef starfstíminn er ekki lengri en einn mánuður.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágur frá b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 1. gr. ef um óverulega vinnu er að ræða.

Þau aðildarríki, sem nýta sér heimildina sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu setja viðmiðunarreglur sem vinnan skal samsvara til að geta talist „óveruleg“.

6. Reikna skal lengd útsendingartímabils á grundvelli eins árs viðmiðunartíma frá upphafi þess.

Við slíka útreikninga skal taka tillit til sérhvers fyrra tímabils sem annar útsendur starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

7. Ákvæði 1. til 6. mgr. koma ekki í veg fyrir að beitt sé ráðningarskilmálum og atvinnuskilyrðum sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn.

Reikna skal greiðslur, sem sérstaklega tengjast starfinu, inn í lágmarkslaun, nema endurgreiðslur á beinum kostnaði vegna starfsins, svo sem kostnaði við ferðir, uppihald og gistingu.

8. Með „kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms sem hafa almennt gildi“ er átt við kjarasamninga eða úrskurði gerðardóms sem öll fyrirtæki á viðkomandi landsvæði og í viðkomandi geira eða atvinnugrein þurfa að hlíta.

Ef ekki er til kerfi til að veita kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms almennt gildi í skilningi fyrstu undirgreinar er aðildarríkjunum heimilt, kjósi þau það, að leggja til grundvallar:

- kjarasamninga eða úrskurði gerðardóms sem almennt gilda um öll svipuð fyrirtæki á viðkomandi landsvæði

og í viðkomandi atvinnugrein, og/eða

- kjarasamninga sem helstu samtök vinnuveitenda og launþega á landsvísu hafa gert og gilda á öllu yfirráðasvæði landsins,

að því tilskildu að beiting þeirra gagnvart fyrirtækjunum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., tryggji jafna meðferð að því er varðar þau atriði sem talin eru upp í fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar milli fyrrnefndra fyrirtækja og annarra fyrirtækja sem um getur í þessari undirgrein og eru í svipaðri stöðu.

Um er að ræða jafna meðferð í skilningi þessarar greinar ef innlend fyrirtæki í svipaðri stöðu:

- hafa sömu skyldur á viðkomandi stað eða á viðkomandi sviði og fyrirtæki sem senda starfsmenn út að því er varðar þau atriði sem talin eru upp í fyrstu undirgrein 1. mgr., og
- þess er krafist að þau ræki þær skyldur með sömu áhrifum.

9. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skuli tryggja starfsmönnum, sem um getur í c-lið 3. mgr. 1. gr., þá skilmála og þau skilyrði sem gilda um starfsmenn sem eru ráðnir tímabundið í aðildarríkinu þar sem starfið er innt af hendi.

10. Þessi tilskipun útilokar ekki að aðildarríkin beiti gagnvart innlendum fyrirtækjum og fyrirtækjum í öðrum ríkjum, í samræmi við sáttmálann og á grundvelli jafnrar meðferðar:

- ráðningarskilmálum og atvinnuskilyrðum sem lúta að öðrum atriðum en þeim sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. ef um ræðir ákvæði um allsherjarreglu,
- ráðningarskilmálum og atvinnuskilyrðum sem ákveðin eru í kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms í skilningi 8. mgr. og varða aðra starfsemi en þá sem um getur í viðaukanum.

4. gr.

Upplýsingasamstarf

1. Til framkvæmdar þessari tilskipun skulu aðildarríkin tilnefna eina eða fleiri samskiptaskrifstofur eða einn eða fleiri lögbæra aðila í landinu, í samræmi við innlenda lög-gjöf og/eða venju.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um samstarf milli opinberra yfirvalda sem ber samkvæmt landslögum að fylgjast með ráðningarskilmálunum og atvinnuskilyrðunum sem um getur í 3. gr. Þetta samstarf skal einkum felast í því að svara

rökstuddum beiðnum fyrrnefndra yfirvalda um upplýsingar um framráðningu starfsmanna milli landa, að meðtaldri greinilegri misnotkun eða tilvikum þar sem hugsanlega er um að ræða ólöglega starfsemi milli landa.

Framkvæmdastjórnin og opinberu yfirvöldin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu hafa náði samstarf til að kanna hverja þá erfiðleika sem kunna að koma upp við beitingu 10. mgr. 3. gr.

Veita skal gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð án endurgjalds.

3. Hvert aðildarríki um sig skal gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upplýsingar um ráðningarskilmálana og atvinnuskilyrðin sem um getur í 3. gr. almennt aðgengilegar.

4. Hvert aðildarríki um sig skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um samskiptaskrifstofurnar og/eða lögbæru aðilana sem um getur í 1. mgr.

5. gr.

Ráðstafanir

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er farið að ákvæðum þessarar tilskipunar.

Þau skulu einkum tryggja að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra eigi vól á viðunandi málsmeðferð til fullnustu á skuldbindingum samkvæmt þessari tilskipun.

6. gr.

Lögsaga

Til að framfylgja réttinum til þeirra ráðningarskilmála og atvinnuskilyrða sem tryggð eru í 3. gr. er heimilt að hefja málssókn í aðildarríkinu sem starfsmaðurinn var sendur til starfa í, með fyrirvara, þar sem við á, um réttinn til að hefja

málssókn í öðru ríki samkvæmt gildandi alþjóðasamningum um lögsögu.

7. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. desember 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

8. gr.

Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal í síðasta lagi 16. desember 2001 endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar með það fyrir augum að leggja tillögur um nauðsynlegar breytingar fyrir ráðið, ef við á.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

I. YATES

forseti.

VIÐAUKI

Meðal þeirrar starfsemi, sem minnst er á í öðrum undirlið 1. mgr. 3. gr., er hvers kyns byggingarvinna sem lýtur að smíði, viðgerðum, lagfæringu, breytingum eða niðurrifi bygginga, einkum eftirtalið:

1. gröftur
 2. jarðvegsvinna
 3. eiginleg byggingarvinna
 4. samsetning og sundurtekt staðlaðra eininga
 5. innrétting eða uppsetning
 6. breytingar
 7. endurnýjun
 8. viðgerðir
 9. sundurtekt
 10. niðurrif
 11. viðhald
 12. lagfæring, málningarvinna og hreinsun
 13. umbætur.
-